

Kennsla á vorönn 2018 hófst föstudaginn 5. janúar. Kennslu- og námsmatsdögum lauk föstudaginn 18. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 65 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í upphafi annar voru nemendur Fjölbrautaskólans 482 sem er aðeins færri en á síðustu vorönn.

Eldri nemendur, fæddir 1992 og fyrr, eru um 18% nemenda skólans. Stærsti hluti fullorðinna nemenda er í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólki sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Þessir nemendur stunda nám í vélvirkjun, húsasmíði, húsgagnasmíði og sjúkraliðanámi.

Fjöldi nemenda 16 til 20 ára eru aðeins fleiri en á síðustu vorönn. Á þessari önn eru karlar 53% nemenda skólans en konur 47%. Það eru aðeins fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum, karlar eru í miklum meirihluta í iðnnáminu en konur í sjúkraliðanámi.

----

Nú í lok vorannar láta 2 kennarar af störfum en það er þau Helgi Magnússon og Steinunn Eva Þórðardóttir. Flemming Madsen, Jón Gunnar Axelsson og Þröstur Þór Ólafsson verða í leyfi næsta skólaár. Lúdmíla Ermolinskaja og Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir verða í námsleyfi næsta skólaár en Steingrímur Benediktsson kemur úr námsleyfi. Þær Hulda Sigurðardóttir heimavistarstjóri og Gígja Sæbjörg Jónsdóttir bókavörður láta af störfum nú í vor.

----

Það var mikið um að vera í skólanum á þessari önn. Meðal þess voru Opnir dagar og árshátíð og stærðfræðikeppnin fyrir grunnskóla.

Mikið starf var unnið í kynningamálum á þessari önn. Við vorum þátttakendur í útgáfu blaðsins 20 20 en það blað var sent til allra nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla. Titill blaðsins 20 20 vísar til þess markmiðs að 20% nemenda velji iðnám fyrir árið 2020. Tilgangur blaðsins var að vekja athygli á fjölbreyttum störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum.

Nemendur tíundu bekk Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Heiðarskóla og Kleppjárnareykjaskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda Fjölbrautaskólans. Kynningin tókst vel og er nemendum okkar sem tóku þátt í henni færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Opið hús var haldið í mars þar sem nemendur og forráðamenn gátu komið og kynnt sér skólann. Auk þess fór skólameistari ásamt nemendum, náms- og starfsráðgjafa og kennara í kynningaferðir í grunnskóla á Vesturlandi.

Í mars tók hópur nemenda frá okkur þátt í Háskólaherminum, nemendurnir voru tvo daga í Háskóla Íslands þar sem þeir kynntu sér nám á hinum ýmsu deildum.

Að vanda stóðu nemendur okkar sig vel á ýmsum sviðum.

Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Með allt á hreinu, eins og áður var þetta glæsileg sýning hjá leiklistarklúbbnum sem fékk góða dóma.

Gettu betur liðið keppti í janúar, þau stóðu sig vel en komust ekki áfram.

Nemendur stofnuðu femínistaklúbb í byrjun annar. Halla Margrét Jónsóttir og Hanna Louisa Guðnadóttir sem voru fyrstu formenn klúbbsins sem fékk nafnið Femínistaklúbburinn Bríet.

Söngkeppni NFFA var haldinn í febrúar, það voru þær Rakel Eyjólfsdóttir og María Einarsdóttir sem báru sigur úr þytum og voru fulltrúar okkar í aðalkeppninni sem fram fór hér á Akranesi í lok apríl.

Nemendur starfsbrautar tóku þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var á Egilsstöðum þetta árið. Þau voru með uppistand og kölluðu atriðið Mið-Akranes, þau stóðu sig frábærlega þó þau hafi ekki sigrað að þessu sinni.

Það vakti athygli á önninni hversu öflugt starf var hjá Góðgerðarfélaginu Eyni, þau stóðu fyrir margskonar fjáröflunum til styrktar góðum málefnum.

Skuggakosningar voru haldnar í apríl, auk þess að æfa sig í að kjósa í sveitastjórnarkosningum fengu nemendur að kjósa um lækkun kosningaaldurs. Niðurstöður þessara kosninga verða á dagskrá kosningasjónvarps RÚV í kvöld eftir lokun kjörstaða.

Á þessari önn höfum við haldið áfram að endurnýja og bæta aðstöðu nemenda og kennslubúnað. Fjárhagsstaða skólans er nú það góð, að fjárfest hefur verið í nýjum kennslubúnaði fyrir um 20 milljónir króna fyrir næsta skólaár. Starfsaðstaða nemenda og kennara mun því verða til fyrirmyndar.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Guðjón Snær Magnússon var formaður og með honum í stjórn voru Aðalbjörg Egilsdóttir, Árni Þórir Heiðarsson, Atli Vikar Ingimundarson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir og Tómas Andri Jörgensson.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: fyrir Viskuklúbb Auðunn Ingi Hrólfsson; fyrir Ljósmyndaklúbb Davíð Orri Arnarson; Halla Margrét Jónsdóttir fyrir Tónlistarklúbb; Eggert Halldórsson fyrir Íþróttaklúbb; og Aðalbjörg Egilsdóttir og Ólöf Gunnarsdóttir fyrir Leiklistarklúbb; Ísak Máni Sævarsson fyrir Kvikmyndaklúbb; og Eva María Jónsdóttir, Hjördís Brynjarsdóttir og Hrafnhildur Arín Sigfúsdóttir fyrir góðgerðarfélagið Eynir.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í maí. Formaður fyrir næsta skólaár var kjörinn Guðjón Snær Magnússon. Með honum í stjórn verða Árni Þórir Heiðarsson, Birta Margrét Björgvinsdóttir, Ylfa Örk Davíðsdóttir og Ísak Máni Sævarsson Fulltrúi nýnema í stjórn NFFA verður síðan kosinn í ágúst.

----

Ein af þeim nýjungum sem teknar hafa verið upp á síðustu árum er nám á afreksíþróttasviði. Það er unnið í samstarfi við Akraneskaupstað og Íþróttabandalag Akranes. Þar gefst afreksíþróttanemendum kostur á að stunda íþróttir að hluta til á skólatíma. Verkefnið hefur gengið mjög vel og eru nemendur að útskrifast hér í dag sem stunduðu nám á sviðinu.

Læt ég nú lokið annáli vorannar 2018 og óska ég ykkur sem útskrifist frá skólanum í dag til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.